



FJARÐABYGGÐ

Úthlutunarreglur íþróttastyrkja



Íþróttastyrkjum Fjarðabyggðar er úthlutað annars vegar sem íþróttastyrkjum og hins vegar sem rekstrar- og uppbyggingarstyrkjum. Upphæð íþróttastyrkja miðast við fjárheimildir hvers árs.

Í byrjun febrúar mánaðar er opnað fyrir umsóknir og er umsóknarfresturinn þrjár til fjórar vikur.

Íþróttastyrkir eru greiddir út í maí mánuði eftir að viðkomandi félög hafa skilað inn ársreikningum, ársskýrslum og aðalfundargerð til Fjarðabyggðar.

Íþróttastyrkir

Íþróttastyrkjum er skipt í fimm flokka og er hlutfallsleg skipting þeirra sem hér segir:

1. Meginfélög 45%
2. Ferðastyrkir 25%
3. Styrkir til samvinnuverkefna 20%
4. Styrkir til landsliðsfólks 5%
5. Sérverkefni 5%

Nánari lýsing á flokkum íþróttastyrkja

1. Meginfélögin í Fjarðabyggð eru sex - Austri, Hrafnkell Freysgoði, Leiknir, Valur, Súlan og Þróttur.

Þessi íþróttafélög eiga langa og farsæla sögu hvert í sínum byggðarkjarna og bjóða upp á fleiri en eina íþróttagrein fyrir börn og unglinga á aldrinum 0-18 ára auk þess sem þau sinna félags- og forvarnarstarfi og íþróttum fullorðinna. Styrknum er þannig skipt milli félaga að fyrst eru u.þ.b. 8% dregin frá sem ætluð eru leikjanámskeiðum (Þá er 10% upphæðarinnar deilt jafnt á félögin og síðan er afgangi deilt út í réttu hlutfalli við nemendafjölda í grunnskóla hvers byggðarkjarna 1. febrúar ár hvert.

2. Ferðastyrkir eru greiddir til sömu aðila og í sömu hlutföllum og ferðasjóður ÍSÍ greiðir til íþróttafélaga í Fjarðabyggð. Íþrótt- og tómsbundanefnd getur úthlutað 10% af heildar fjármunum ferðastyrkja til sérstakra verkefna.
3. Samvinnuverkefni, sem stuðla að samvinnu milli íþróttafélaga í Fjarðabyggð eða sameiningu þeirra, eru styrkt sérstaklega. Verkefni sem styrkt eru skulu vinna þvert á byggðarkjarna. Íþrótt- og tómsbundanefnd setur viðmið fyrir hverja úthlutun samvinnuverkefna.

4. Styrkir til landsliðsfólks eru veittir af íþróttá- og tómsbundanefnd til þeirra landsliðsmanna er fóru erlendis að keppa fyrir hönd Íslands. Íþróttafélög í Fjarðabyggð sækja um styrkinn fyrir sitt landsliðsfólk og deilir styrknum út til þeirra. Hver landsliðsmaður getur fengið styrk fyrir hverja landsliðsferð sem farin var. Styrkir eru veittir fyrir árangur næstliðins árs. Íþróttá- og tómsbundanefnd áskilur sér rétt til að verðlauna annan framúrskarandi árangur á sviði íþróttá sérstaklega.
5. Sérverkefni eru verkefni sem falla ekki undir fyrrgreindar skilgreiningar. Tilgangur styrkveitinga er að gefa nýjum verkefnum og nýjum íþróttafélögum tilverurétt.

Rekstrar- og uppbyggingarstyrkir

Rekstrar- og uppbyggingarstyrkir eru hugsaðir fyrir íþróttafélög sem reka eigin íþróttáaðstöðu og teljast ekki til meginfélaganna. Sótt skal um rekstrar- og uppbyggingarstyrki til íþróttá- og tómsbundanefndar. Rekstrar- og uppbyggingarstyrkir eru greiddir út í maí ár hvert eftir að viðkomandi íþróttafélög hafa skilað inn ársreikningum, ársskýrslum og aðalfundargerð til Fjarðabyggðar.

Við mat umsókna er litið til eftirfarandi þátta:

- fyrirhugaðra framkvæmda
- rekstrarumfangs
- tilhögun námskeiða fyrir börn og ungmenni

Félög skila umsókn og greinargerð um fyrirhugaðar framkvæmdir og rekstur ársins. Auk þess skulu félög skila lýsingu á þeim barna- og ungmennanámskeiðum sem fyrirhuguð eru. Starfsmenn íþróttá- og tómsbundanefndar funda með forsvarsmönnum félaga og leggja tillögu fyrir íþróttá- og tómsbundanefnd um skiptingu.

Íþróttá- og tómsbundanefnd áskilur sér rétt til að gera 3-5 ára samninga við íþróttafélög sem reka eigin íþróttáaðstöðu.

Íþróttá- og tómsbundanefnd Fjarðabyggðar úthlutar ofangreindum styrkjum. Nefndin setur kvaðir um skil á ársreikningum, ársskýrslum og aðalfundargerð frá íþróttafélögum fyrir 1. maí ár hvert og áskilur sér rétt til að leita upplýsinga frá öðrum félögum um starfsemi félaganna og reikninga þeirra.

Fjarðabyggð 31. ágúst 2018

A blue circular stamp with the text "FJARÐABYGGÐ" at the top and "Bæjarstjórn" at the bottom. In the center is a shield with a blue and white design. A blue ink signature is written across the stamp.

Karl Óttar Pétursson
bæjarstjóri

Samþykkt í íþróttá- og tómsbundanefnd 21. ágúst 2018

Samþykkt í bæjarráði 28. ágúst 2018

Samþykkt í bæjarstjórn 30. ágúst 2018